Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 30.3 2016
Tilvísun: 201603-0016

Mál nr. 144 Frumvarp til laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks)

Alþýðusamband Íslands styður eindregið samþykkt þessa frumvarps en efni þess hvað vinumarkað varðar, samræmist þeim laga- og kjarasamningstúlkunum sem sambandið hefur beitt. Athygli er vakin á því að enn hefur ekki verið lagt fram frumvarp um jafna meðferð á vinnumarkaði en efni þess styður sambandið heilshugar enda undirstrikar það viðhorf og stefnu ASÍ.

Virðingarfyllst,

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.

Alþýðusamband Íslands
Sætúni 1 • Reykjavík
Sími: 535 5600 • Fax: 535 5601
asi@asi.is • www.asi.is

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 30.3.2016

Efni: Umsögn BSRB um frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), þingskjal 144 – 144. mál.

BSRB hefur fengið til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks).

BSRB styður framgang þessa máls en leggur jafnframt áherslu á að Alþingi samþykki lög um jafna meðferð á vinnumarkaði og jafna meðferð óháð kynþætti eða þjóðernisuppruna sem byggja á svonefndum mismunatilskipunum, þ.e. tilskipanir 2000/78/EB frá 27. Nóvember 2000, um almennar reglur um jafna meðferð á vinnumarkaði og í atvinnulífi og tilskipun 2000/43/EB frá 29. júní 2000, um framkvæmd meginreglunnar um jafna meðferð manna án tillits til kynþáttar eða þjóðernis. Frumvörp að nefndum lögum eru þegar tilbúin en hafa ekki verið lögð fram á Alþingi. Það er forgangsmál hvað varðar tryggingu þess að allir búi við jafnræði, þ.á.m. fatlað fólk.

Fyrir hönd BSRB

Helga Jónsdóttir

Helga Jónsdóttir
framkvæmdastjóri

Grettisgötu 89 105 Reykjavík Sími 525 8300 Fax 525 8309 bsrb@bsrb.is www.bsrb.is

Jafnréttisstofa

Nefndasvið Alþingis

Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Akureyri, 29.03.2016
1603014 IE

Efni: Umsögn um frv. til breytinga á ákv. ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þskj. 144.

Allsherjar- og menntamálanefnd sendi Jafnréttisstofu með tölvubréfi dags. 10. mars 2016 til umsagnar frv. til laga um breytingu á ákv. ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þskj. 144.

Jafnréttisstofa styður það að frumvarp þetta verið að lögum.

Eins og bent er á í greinargerð með frumvarpinu þá myndi með samþykki þess vera stigið skref í þá átt að bæta réttarvernd fatlaðs fólks gegn mismunun á tilteknum sviðum. Jafnréttisstofa telur mikilvægt að bæta réttarvernd fatlaðs fólks með því að nefna fötlun sem eina af ólögmætum mismununarástæðum í þeim lögum sem tilgreind eru í frumvarpinu. Jafnframt telur Jafnréttisstofa brýnt að réttindi fatlaðs fólks hér á landi séu tryggð í samræmi við samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Jafnréttisstofa vill taka fram að bæta þyrfti réttarvernd fatlaðs fólks á vinnumarkaði enn frekar og bendir á að ekkert bólar enn á margboðuðu frumvarpi félags- og húsnæðismálaráðherra til laga um innleiðingu á tilskipun Evrópuráðsins nr. 2000/78/EB frá 27. nóvember 2000 um bann við mismunun á vinnumarkaði, þar sem fötlun er talin upp meðal ólögmætra mismununarástæðna.

Jafnréttisstofa svarar fúslega spurningum nefndarinnar, ef einhverjar eru og er tilbúin til að koma á fund hennar, sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Ingibjörg Elíasd.

Ingibjörg Elíasdóttir

lögfræðingur

Jafnréttisstofa, Borgum við Norðurslóð, 600 Akureyri
Sími: 460 6200 Bréfsími: 460 6201 Netfang: jafnretti@jafnretti.is

LÆKNAFÉLAG ÍSLANDS
ICELANDIC MEDICAL ASSOCIATION

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Kópavogi, 6. júlí 2016.

Efni: Frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunum (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál, þingmannafrumvarp.

Vísað er til tölvubréfs Alþingis frá 10. mars sl þar sem óskað er álits Læknafélags Íslands (LÍ) á frumvarpi til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks), 144. mál á 145. löggjafarþingi. Beðið er velvirðingar á því að dregist hefur að senda inn umsögn.

Í frumvarpinu felst að telja upp hugtakið „fötlun" í nokkrar nánar tilgreindar lagagreinar sem telja upp ólögmætar mismununarástæður. Nánar tiltekið felst í frumvarpinu að bæta fötlun í upptalningu í 1. mgr. 180. gr. og 233. gr. almennra hegningarlaga, 2. mgr. 11. gr. stjórnsýslulaga, 1. gr. laga um starfskjör launafólks og skyldutryggtingu lífeyrisréttinda og 2. mgr. 1. gr. laga um réttindi sjúklinga. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að með breytingunum sé skýrar tekið fram en áður að fötlun sé ólögmæt mismununarástæða.

Eins og fram kemur í greinargerð frumvarpsins er í gangi endurskoðun á íslenskri löggjöf til undirbúnings fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Þó LÍ geti fyrir sitt leyti fallist á að gera þurfi þær lagabreytingar sem felast í frumvarpinu telur félagið skynsamlegra að bíða fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Jafnframt hvetur LÍ til að þeirri vinnu verði hraðað svo sem kostur er.

Fulltrúar LÍ eru að sjálfsögðu reiðubúnir til að koma til fundar við velferðarnefnd Alþingis vegna frumvarps þessa, verði eftir því óskað.

Virðingarfyllst,
f.h. stjórnar Læknafélags Íslands,

Þorbjörn Jónsson,
formaður.

Póstáritun/Address: Hlíðasmára 8
IS-200 Kópavogi
Sími/Tel.: (354) 654 4100
Fax: (354) 564 4106
Kt.: 450269-2639
Netfang/E-mail: lis@lis.is

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis.

Umsögn Landssamtakanna Þroskahjálpar (LÞ) um frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks). (Þingskjal 144 – 144. mál).

Landssamtökin Þroskahjálp þakka allsherjar- og menntamálanefnd fyrir að fá ofangreint lagafrumvarp sent til umsagnar og vilja koma eftirfarandi á framfæri varðandi það.

Samtökin styðja heilshugar þær breytingar á lögum sem lagðar eru til i frumvarpinu og taka einnig mjög undir þau sjónarmið og rök sem er að finna í greinargerð með frumvarpinu.

Mismunun fólks á grundvelli fötlunar þess er mjög mikil hvarvetna í heiminum. Ísland er engin undantekning frá því. Samningur Sameinuðu (SÞ) þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks sem lagður var fram til undirritunar og fullgildingar ríkja árið 2007 og sú staðreynd að þegar hafa flest ríki í heiminum fullgilt samninginn er skýr staðfesting þess að alþjóðasamfélagið hefur viðurkennt að fatlað fólk er beitt mikilli mismunun og órétti sem ríki verða að bregðast við með setningu laga og skilvirkri framkvæmd þeirra. Meginmarkmið samningsins er að tryggja fötluðu fólki tækifæri til eðlilegs lífs til jafns við aðra.

Íslenska ríkið undirritaði samning SÞ um réttindi fatlaðs fólks árið 2007 en hefur nú níu árum síðar ekki enn þá fullgilt hann. Stjórnvöld hafa þó lýst því yfir margoft og mjög skýrt að samningurinn verði fullgiltur á næstunni og að verið sé að gera breytingar á íslenskum lögum, reglum og stjórnsýsluframkvæmd til að tryggja að kröfur sem samningurinn gerir séu og verði uppfylltar.

Þá er er í 2. mgr. 1. gr. laga nr. 59/1992, um málefni fatlaðs fólks, með síðari breytingum, mælt fyrir um að við framkvæmd laganna skuli „tekið mið af þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, einkum samningi Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.“

Verði það frumvarp sem hér er til umfjöllunar samþykkt og gert að lögum verður stigið stórt skref til að tryggja betur og skýrar lagalega vernd fatlaðs fólks fyrir mismunun á ýmsum sviðum sem reynslan sýnir að mikil þörf er á.

LÞ telja mikilvægt og eðlilegt, í ljósi, sögunnar, reynslunnar og stöðunnar, að fötlun verði sérstaklega tilgreind í þeim lagaákvæðum sem með frumvarpinu er lagt er til að verði breytt af sömu ástæðum og með sömu rökum og tiltekin atriði eru nú þegar tilgreind þar til að veita þeim sem þau eiga við skýra lagalega vernd gegn mismunun.

Þá vilja LÞ nota þetta tækifræri til að vekja athygli allsherjar- og menntamálanefndar á að nákvæmlega sömu rök og sjónamið og fram koma í greinargerð með frumvarpinu og rakin eru

hér að framan eiga við um jafnræðisreglu íslensku stjórnarskrárinnar og þörfina fyrir að fötlun verði sérstaklega tilgreind í henni.[1]

22. mars 2016.

Bryndís Snæbjörnsdóttir, formaður Landssamtakanna Þroskahjálpar.

Árni Múli Jónasson, framkvæmdastjóri landssamtakanna Þroskahjálpar.

[1] Jafnræðisreglan er í 65. gr. stjórnarskrárinnar og hljóðar svo:
Allir skulu vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, þjóðernisuppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ætternis og stöðu að öðru leyti.

Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8 – 10
101 Reykjavík

Reykjavík, 1. apríl 2016.

Efni: **Umsögn ÖBÍ við frumvarp til laga um breytingu á ákvæðum ýmissa laga um bann við mismunun (réttindi fatlaðs fólks). Þingskjal 144 — 144. mál.**

ÖBÍ telur frumvarpið vera til bóta og fela í sér nauðsynlegar breytingar, sérstaklega í ljósi þess að miklar tafir hafa orðið á lögfestingu Samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks. Í frumvarpinu er lagt til að bætt verði tilvísun til fötlunar inn í upptalningar á þeim atriðum sem almennt teljast ómálefnaleg. Atriði sem teljast ómálefnaleg eru þau sem almennt ekki má byggja ákvarðanir á og ekki nota sem grundvöll mismununar. ÖBÍ telur mjög mikilvægt að „fötlun" verði bætt inn í slíkar upptalningar enda er fötlun í dag oft grundvöllur mismununar, bæði beinnar og óbeinnar.

ÖBÍ tekur undir tillögurnar eins og þær liggja fyrir. Auk þess er bent á að mögulega mætti bæta „fötlun" inn í upptalninguna í a-lið 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2011, um fjölmiðla. Það ákvæði er sambærilegt við ákvæði 233. gr. a. almennra hegningarlaga sem lagt er til að verði breytt með frumvarpinu. Bæði ákvæðin eiga að koma í veg fyrir útbreiðslu haturs á grundvelli tiltekinna atriða, þ.e. kynþáttar, kynferðis, trúarbragða o.s.frv. Breytingartillagan gæti orðast með eftirfarandi hætti:

> **Breyting á lögum um fjölmiðla, nr. 19/1940, með síðari breytingum:**
> Á eftir orðinu „kynþáttar" í a-lið 1. mgr. 5. gr. kemur: fötlunar.

Auk framangreinds verður að benda á að mesta jafnréttið og afnám mismununar yrði náð með því að bæta „fötlun" inn í upptalningu 1. mgr. 65. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944. ÖBÍ er meðvitað um að slík breyting er viðurhlutameiri en hefðbundin lagabreyting en þar sem endurskoðun stjórnarskrárinnar stendur nú fyrir dyrum er nefndinni bent á að framangreind breyting væri þörf og myndi væntanlega ekki valda neinum deilum.

Að lokum er bent á mikilvægi þess að lögfesta sem fyrst Samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Ekkert um okkur án okkar.

Virðingarfyllst

Ellen Calmon

Ellen Calmon, formaður ÖBÍ